



Fundargerð

42. þings

Sambands íslenskra bankamanna

Sem haldið var á Hótel Selfossi
dagana 26. – 28. apríl 2004

Efnisyfirlit

Mánudagur 26. apríl 2004.....	3
1. GESTAERINDI OG UMRÆÐUR.....	3
2. ÞINGSETNING.....	3
3. KJÖRBRÉF LÖGÐ FRAM TIL SAMÞYKKTAR:	3
4. KOSNING EMBÆTTISMANNA ÞINGSINS.....	6
5. SKÝRSLA STJÓRNAR SÍB 2004.....	8
6. ÁVÖRP GESTA.....	16
Þriðjudagur, 27.04.04.....	17
7. KYNNING Á DRÖGUM AÐ TILLÖGUM NEFNDA:	17
8. UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA NEFNDAÁLITA.....	18
Miðvikudagur, 28.04.04.....	19
9. UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA NEFNDAÁLITA - FRAMHALD.	19
10. KJÖR STJÓRNAR, TVEGGJA ENDURSKOÐENDA OG TVEGGJA TIL VARA AUK ANNARRA TRÚNAÐARMANNA	27
11. ÖNNUR MÁL.....	28

Mánudagur 26. apríl 2004

1. GESTAERINDI OG UMRÆÐUR.

Halldór Grönvold aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ.
Gunnar Páll Pálsson formaður VR

Halldór Grönvold kynnti starfsemi og uppbyggingu ASÍ og hvaða hag SÍB hefði af því að ganga í ASÍ.

Gunnar Páll Pálsson sagði frá samstarfi VR við ASÍ sem staðið hefur í fjórtíu ár og þrátt fyrir mikinn kostnað taldi hann það væri betri kostur að vera innan ASÍ en utan þess og myndi fagna því að SÍB gengi til liðs við ASÍ.

Eftir erindin gafst fólki kostur á að leggja fram spurningar.

Spurt var um hve mikil áhrif aðildarfélögin félögin gætu haft á ASÍ og hvort við hefðum eitthvað þangað að sækja og hvort ekki væri lengur samkeppni á milli félagann um félagsmenn.

Halldór svaraði því til að félögin gætu haft áhrif ef þau vildu og reynt væri að taka tillit til allra. Við myndum sækja áhrif með aðild og vera virkir þátttakendur í stað þess að vera bara þiggjendur. Gunnar sagði að ASÍ skipti sér ekki af deilum stéttarféлага ef svæði félaganna sköruðust og launamaðurinn hefði félagafrelsi.

Kaffihlé

2. ÞINGSETNING

Friðbert Traustason formaður SÍB setti þingið kl.16,30 bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.

3. KJÖRBRÉF LÖGÐ FRAM TIL SAMÞYKKTAR:

Kolbrún Guðlaugsdóttir formaður kjörbréfanefndar lagði fram kjörbréfin til samþykktar eftir nafnakall þingfulltrúa. Kjörbréfin voru samþykkt án athugasemda. Þingið sátu alls 65 þingfulltrúar. Þingfulltrúar eru:

Sf Seðlabanka Oddgeir Gunnarsson
Sf Seðlabanka Pálína Kristinsdóttir
FSLÍ Helga Jónsdóttir
FSLÍ Anna María Hjartardóttir
FSLÍ Elín H. Njálisdóttir
FSLÍ Erla Þorsteinsdóttir

FSLÍ Guðmunda Ingjaldsdóttir
FSLÍ Linda Björk Halldórsdóttir
FSLÍ Ólöf Björnsdóttir
FSLÍ Þórunn K Þorsteinsdóttir
FSLÍ Hulda B. Þóroddsdóttir
FSLÍ Arna H. Pálsdóttir
FSLÍ Sigríður Friðgeirsdóttir
FSLÍ Halldóra Ó. Sveinsdóttir
FSLÍ Kristín Guðbjörnsdóttir
FSLÍ Sigurjón Gunnarsson
FSLÍ Kolbrún Stefánsdóttir
FSLÍ Guðmunda H. Guðmundsdóttir
FSLÍ Eva Sigurðardóttir

SBÍ Björn Tryggvason
SBÍ Ingveldur Bragadóttir
SBÍ Sigurlaug Friðriksdóttir
SBÍ Birna Snærún Bragadóttir
SBÍ Margrét Bragadóttir
SBÍ Sigurrós Lilja Grétarsdóttir
SBÍ Örn Valdimarsson
SBÍ Þrúður Finnbogadóttir
SBÍ Þorgerður Einarsdóttir
SBÍ Hafdís Harðardóttir
SBÍ Halla Þóra Másdóttir
SBÍ Hulda Mjöll Þorleifsdóttir

SÍ María Jóhannesdóttir
SÍ Anna Karen Hauksdóttir
SÍ Inga Guðný Hauksdóttir
SÍ Þorvaldur Egilsson
SÍ Þórður V. Oddsson
SÍ Guðný H. Jónsdóttir
SÍ Fanney Dóra Hrafnkelsdóttir
SÍ Ómar Jóhannsson
SÍ Bergþóra Jóhannsdóttir
SÍ Árnína Dúadóttir
SÍ Ernir Ingason
SÍ Indriði Jónsson
SÍ Brynhildur Þöll Kristjánsdóttir.

Sf Lánasýslu Jóna G Ísaksdóttir
Sf Sparisjbank Sólveig Aradóttir
Sf SpHafn Hulda Björg Reynisdóttir
Sf SpHafn Þorlákur Kjartansson

SfSpMyr	Hafdís Brynja Guðmundsdóttir
SfSpKef	Guðný S Magnúsdóttir
SfSpVf	Jörgína E. Jónsdóttir
SfSpKóp	Ásta Hólm
SfSpNor	Særún Magnúsdóttir
SfSpron	Ágústa Hjartar
SfSpron	Guðrún Sigurjónsdóttir
SfSpron	Smári Hrólfsón
SfSpVestm	Guðný Guðmundsdóttir
SfSpVélstj	Ásdís Ósk Smáradóttir
SfSpÓlafsfj	Jónína Kristjánsdóttir
SfTölvumiðst	Ólafur Kristinsson
SfVisa	Guðrún Ó Sigmundsdóttir
SfVisa	Stefán Ari Stefánsson
SfRb	Jón Sveinsson
SfRb	Kjartan Sigurgeirsson
SfByggðast	Lovísa Símonardóttir

Stjórn Sambands Íslenskra Bankamanna:

Formaður:	Friðbert Traustason
1. Varaform.	Helga Jónsdóttir
2. Varaform.	Helga Björg Bragadóttir
gjaldkeri	Gréta Kjartansdóttir
ritari	Hafdís Harðar
Meðstjórnendur	Sigurður B. Stefánsson
	Kolbún Guðlaugsdóttir
Varastjórn	Oddgeir Gunnarsson
	Ingveldur Bragadóttir
	Heiðrún Hauksdóttir
	Jóhann Möller

Erlendir gestir:

NFU	Jan Erik Lidström
NFU	Ann Katrin Lidström
Finans Sve	Ingrid Friberg
Finans Sve	Berit Ohlsson
Suora Fi	Paula Hopponen
Finans No	Atle Bratås
Finans No	Frode Stendebakken Rognsaa
Finans Dk	Karen Madsen

Íslenskir gestir:

SÍB	Anna Ívarsdóttir
SÍB	Sveinn Sveinsson
SÍB	Sturla Pálsson

Starfsmenn:

SÍB Hinrik Greipsson
SÍB Sigurður Albert Ármannsson
SÍB Anna Finnbogadóttir
SÍB Anna Kjartansdóttir

4. KOSNING EMBÆTTISMANNA ÞINGSINS

Hinrik Greipsson SÍ var kjörin þingforseti og til vara Sigurjón Gunnarsson FSLÍ.

Þingforseti hóf störf með því að biðja alla viðstadda að rísa úr sætum og minnast Pálma Gíslasonar bankamanns og fyrrum þingforseta sem lést svíplega skömmu eftir síðasta þing 2001.

Þingritarar voru kjörnar: Hafdís Harðar SBÍ, Oddgeir Gunnarsson SB. Vararitarar: Ingveldur Bragadóttir SBÍ. Helga B. Bragadóttir SÍ.

Kosning í fastanefndir þingsins.

Uppstillinganefnd

Helga Bragadóttir, formaður:
Guðmunda Ingjaldsdóttir
Ingveldur Bragadóttir
Pálína Kristinsdóttir
Þorlákur Kjartansson

Laganefnd

Friðbert Traustason formaður:
Björn Tryggvason
Helga Jónsdóttir
Kjartan Sigurgeirsson
Anna Karen Hauksdóttir

Fjárhagsnefnd

formaður Gréta Kjartansdóttir,
Indriði Jónsson
Kjartan Sigurgeirsson
Margrét Bragadóttir
Sigríður Friðgeirsdóttir
Sigurjón Gunnarsson
Þórunn K Þorsteinsdóttir

Allsherjarnefnd:

Oddgeir Gunnarsson form
Kolbrún Guðlaugsdóttir
Bergþóra Jóhannsdóttir

Björn Tryggvason
Ernir Ingason
Ingveldur Bragadóttir
Guðný Guðmundsdóttir
Guðný H Jónsdóttir
Guðný Magnúsdóttir
Guðrún Sigurjónsdóttir
Hafdís Ósk Sigurðardóttir
Halldóra Ósk Sveinsdóttir
Helen Meyers
Jóna G Ísaksdóttir
Jörgína Jónsdóttir
Lovísa Símonardóttir
Sigurrós Lilja Grétarsdóttir
Sólveig Aradóttir
Þorlákur Kjartansson
Örn Valdimarsson

Kjaranefnd:

Heiðrún Hauksdóttir
Ágústa Hjartar
Anna Karen Hauksdóttir
Anna Kjartansdóttir
Anna María Hjartardóttir
Arna H. Pálsdóttir
Ásta Hólm
Elín H Njálisdóttir
Erla Þorsteinsdóttir
Eva Sigurðardóttir
Guðmunda H Guðmundsdóttir
Inga Guðný Hauksdóttir
Jón Sveinsson
Jónína Kristjánsdóttir
Hafdís Harðardóttir
Halla Þóra Másdóttir
Þrúður Finnbogadóttir
Kristín Guðbjörnsdóttir
Linda Björk Halldórsdóttir
Margrét Óskarsdóttir
Ólafur Kristinsson
Sigurlaug Friðriksdóttir
Stefán Ari Stefánsson
Þórður V. Oddsson
Þorvaldur Egilsson

Fræðslunefnd:

Helga B Bragadóttir form
Sigurður Albert
Árnína Dúadóttir
Ásdís Ósk Smáradóttir
Brynhildur Þöll Kristjánsdóttir.
Fanney Dóra Hrafnkelsdóttir
Guðrún Ó Sigmundsdóttir
Hulda B. Reynisdóttir
Hulda Mjöll Þorleifsdóttir
Hulda B Þóroddsdóttir
Þorgerður Einarisdóttir
Kolbrún Stefánsdóttir
María Jóhannesdóttir
Ólöf Björnsdóttir
Ómar Jóhannsson
Særún Magnúsdóttir
Smári Hrólffsson
Birna Snærún Bragadóttir

5. SKÝRSLA STJÓRNAR SÍB 2004

Friðbert Traustason formaður flutti skýrsluna

Ég býð ykkur öll enn og aftur velkomin til starfa á 42. þingi SÍB og til hamingju með að vera kosin til ábyrgðarstarfa. Það fylgir því mikil ábyrgð að sitja ársþing SÍB og móta stefnu og leggja línur í starfi stéttarfélagsins fyrir næstu 3 ár. Þingið fer með æðsta vald félagsins og stjórn, samninganefnd og starfsmenn SÍB eiga fyrst og fremst að framfylgja þeim ákvörðunum og ályktunum, sem þing SÍB samþykkir hverju sinni. Þið hafið skrifaða ársskýrslu í þinggögnum og því mun ég ekki lesa innihald hennar beint, heldur ræða almennt um starf SÍB síðastliðin þrjú ár, og horfur í kjara og réttindamálum félagsmanna SÍB í nánustu framtíð. Stjórn SÍB mun svara öllum fyrirspurnum ykkar að lokinni yfirferð minni og umfjöllun gjaldkera SÍB um reikninga félagsins.

Ríkið hefur nú alfarið dregið sig út úr rekstri viðskiptabanka með sölu Landsbankans og Búnaðarbankans til einkaaðila. Reyndar stundar ríkið enn þá umfangsmikla fjármálastarfsemi með rekstri Íbúðalánasjóðs og Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Vonandi verða þessir sjóðir, eða starfsemi þeirra, settir inn í almenna umsýslu banka og sparisjóða, enda á slík starfsemi hvergi annars staðar heima.

Landsbankinn og Búnaðarbankinn hafa mjög hækkað í verði eftir að þeir voru að fullu einkavæddir og saman eru fjármálafyrirtækin leiðandi í hækkun Úrvalsvisitölu Kauphallarinnar. Hagnaður fjármálafyrirtækja árið 2003 sló öll fyrri met, fyrst og fremst vegna hækkana á verðbréfum í eigu þeirra. Starfsmenn flestra fyrirtækjanna fengu hlutdeild í þessum hagnaði með kaupréttarákvæðum á hlutafé og síðan bónus, sem

greiddur var í mars-apríl og greiddur verður hjá KBbanka í maí. En það eru ekki allir félagsmenn SÍB, sem fá slíka bónusa því miður og veit ég að ónægja þeirra sem engan bónus eða kauprétt fá, er mikil.

Með breyttu eignarhaldi á fjármálafyrirtækjum hafa umræður um frekari samþjöppun og sameiningar þeirra gerst enn háværari. Og verkin hafa líka talað. Þannig sameinuðust Kaupþing og Búnaðarbanki í KBbanka, Íslandsbanki keypti Sjóvá-almennar, Landsbankinn keypti SP-fjármögnun og svo mætti áfram telja. Framtíð sparisjóðanna var og mikið til umræðu þegar Búnaðarbankinn vildi yfirtaka SPRON, í kjölfar áætlaðrar h/f væðingar sparisjóðsins. En eftir mikið fjaðrafok og ásakanir á alla bóga var hætt við h/f-væðingu SPRON og annarra sparisjóða. Það er alveg ljóst að ef sparisjóðirnir verða gerðir að hlutafélögum og settir á markað með öðrum fjármálafyrirtækjum þá munu þeir ganga kaupum og sölu eins og bankarnir. Reynslan frá hinum Norðurlöndunum er ekkert sérlega uppörvandi hvað framtíð sparisjóðanna varðar, því norrænir sparisjóðir hafa að mestu runnið inn í viðskiptabankana á síðustu árum, eftir að þeir voru gerðir að hlutafélögum. Þetta er ekki sett fram hér til að vekja ugg heldur til upplýsingar og umhugsunar fyrir okkur öll. Hvert viljum við stefna og hvernig getum við best haft áhrif á framtíð starfa okkar og lífsviðurværis.

En umræðan um hagræðingu og frekari sameiningu er engan vegin þögnuð. Stefnan virðist almennt vera sú úti í hinum stóra heimi að til verða ofurstórir bankar, sem reka starfsemi í mörgum löndum og veita fyrst og fremst stórfyrirtækjum alla fjármálaþjónustu. Við hlið þessara ofurbanka starfa síðan fjölmargir litlir bankar, sem einbeita sér að því að þjónusta einstaklinga og minni fyrirtæki. Þessi minni fjármálafyrirtæki líta á sitt nánasta umhverfi sem sinn markað, og eru stolt af því að veita þar góða og persónulega þjónustu.

Öll þessi umræða um hagræðingu, sparnað og samþjöppun fjármálafyrirtækja, hvort sem hún er pólitísk eða fagleg, hefur reynt mjög á félagsmenn SÍB undanfarin 15 ár. Það er með öllu óásættanlegt að starfsmenn séu hafðir að leiksoppum og starf þeirra og framtíð að engu metin þegar ákvarðanir eru teknar. Eigendur fyrirtækjanna mega ekki gleyma því að mannaúdurinn er sú auðlind sem framtíð fyrirtækisins byggir á. Vel upplýstir starfsmenn sem finna að þeir eru metnir að verðleikum eru þyngdar sinnar virði í gulli.

Það var mjög áhugavert að fylgjast með aðalfundi Samtaka banka og verðbréfa-fyrirtækja, sem haldinn var föstudaginn 16. apríl síðastliðinn. Þar ítrekaði formaður samtakanna mikilvægi fjármálaþjónustunnar sem atvinnugreinar og sagði meðal annars: “Þessi atvinnugrein er að skapa störf sem styðja við umbreytingar og framfarir og hefur uppá að bjóða bestu þjónustu sem þekkest í okkar nágrannalöndum”. Þetta er alveg rétt ályktun hjá Halldóri J. Kristjánssyni bankastjóra í Landsbanka Íslands. Það er einmitt öflugir, vel menntaðir og þjálfaðir starfsmenn, sem eru lykillinn að frekari útrás íslenskra banka og þátttöku þeirra í atvinnulífinu, bæði hér heima og erlendis.

En það kom fleira áhugavert fram á þesum aðalfundi. Hein Blocs framkvæmdastjóri samtaka fjármálafyrirtækja í Hollandi var heiðursgestur á fundinum og fjallaði hann almennt um þróun bankamála í Hollandi og Evrópu. Hann taldi það eitt helsta áhyggjuefni Hollenskra banka hve erfitt væri að sameina þá öðrum evrópskum bönkum.

Hindranir í hverju landi fyrir sig, sérstaklega í Þýskalandi og Frakklandi, útilokuðu samruna við þarlenda banka. Þess vegna væri nauðsynlegt að breyta lögum um fjármálafyrirtæki í Evrópu almennt. Í dag eru starfandi eitt hundrað bankar í Hollandi, þar af eru 90 erlendir bankar með útibú og þjónustu. Markaðshlutdeild þriggja stærstu bankanna er 80% og hlutdeild 5 stærstu er 95%, en þeir reka 6400 útibú af 6600 útibúum í landinu.

Kjarasamningar

Eins og fram kemur í ársskýrslunni hafa laun félagsmanna SÍB hækkað um 20,78% frá 1. janúar 2001, það er 6,9% 1. janúar 2001, 3,0% 1. janúar 2002 og einn launaflokk, sem gefur 3,4% hækkun, í upphafi árs 2002, 3% 1. janúar 2003 og 3% 1. janúar 2004 ($1,069 \times 1,03 \times 1,034 \times 1,03 \times 1,03 = 20,78\%$). Til viðbótar umsömdum hækkunum kemur einnig launaskrið sem verður vegna tilfærslna í launaflokkum, hækkun í starfsaldursálagi hjá þeim sem starfað hafa skemur en 15 ár, afmælisgreiðslur hjá þeim er starfað hafa 15 ár og lengur og síðan vegna tilfærslna í stöðum innan hvers fyrirtækis. Þetta launaskrið mælir u.þ.b. 3,0% hækkun á síðustu 3 árum.

Vísitala neysliverðs var 202,4 stig þann 1. janúar 2001 en hafði hækkað í 230,7 stig í mars 2004. Þessi hækkun er 13,98%. Samkvæmt þessu er ljóst að að raunlaun hækka um tæplega a.m.k. 7% á tveimur árum hjá öllum félagsmönnum SÍB og meira hjá þeim hópum sem fengu launaskrið. Þetta þýðir 7% meiri kaupmátt taxtalauna í mars 2004 en var í lok árs 2000. Samninganefnd SÍB lagði höfuðáherslu á að fá þessa kaupmáttaraukningu sem fyrst á samningstímanum og reyna síðan að viðhalda bættum hag út samningstímam, það tókst því 14% af þessari hækkun kom á fyrstu 13 mánuðum samningstímans. Ýmis ákvæði samningsins voru bætt á tímabilinu, m.a. hækkun á yfirvinnustuðli um 15% , úr 1,0% af mánaðarlaunum í 1,0385% af mánaðarlaunum og einnig fengum við 1% viðbótarframlag í séreignarlífeyrissjóð.

Með þessari viðbót hækkuðu heildarlaun allra, sem spara 2% í séreignarsparnað, en það gera um 90% félagsmanna SÍB, um 1% í viðbót við 20,78 prósentin , sem áður greindi. Heildarlaunapakinn er því orðin að lágmarki 22,00% á samningstímanum.

Eins og áður njóta foreldrar í fæðingarorlofi betri kjara samkvæmt kjarasamningi SÍB en almennt gildir á vinnumarkaði, þar sem fyrirtækin greiða hluta launa og fæðingarstyrk til viðbótar þeim fæðingarorlofslaunum sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir. Karl mönnum voru á tímabilinu tryggð sömu réttindi til þessara viðbótarlauna eins og konum, en það samkomulag þarf að festa á blað í næstu kjarasamningum.

En skoðum nú aðeins tilfærslur í launaflokkum á síðustu árum, eða frá árinu 1. janúar 1998 til 1. mars 2004.

	1. janúar 1998	1. janúar 2001	1. mars 2004
Launafl. lægri en 121	160	65	13
Launafl. 121 - 123	1.040	770	189
Launafl. 131 - 153	1.130	1.460	1704
Launafl. 161 - 173	470	670	849
Launafl. 181 - 201	84	342	964
Samtals	2.884	3.305	3430

Á þessari töflu sést glögggt hverjar tilfærslur hafa orðið á þessu 6 ára tímabili, tímabili tveggja kjarasamninga. Þegar skoðuð er þróun meðal grunnlauna samkvæmt niðurröðun í launaflokka sést glögglega launaskriðið sem ég gat um áðan. Þessu launaskriði er eins og áður misskipt og ljóst að félagsmenn í efri launaflokkum, það er frá launaflokki 151 og ofar fá mun meira skrið en félagsmenn í lægri flokkum töflunnar. Launaflokkar 193 og 201 komu inn nýir í síðustu kjarasamningum, en þar raðast nú um 200 félagsmenn og launaflokkar lægri en 121 eru næstum tómir og því best að skera þá burt í næstu samningum.

Þegar skoðuð eru meðllaun grunnlauna miðað við stöðugildi, samkvæmt þessari niðurröðun í þessa flokka þá verður að taka með í reikninginn að flestir sem eru í hlutastörfum eru í launaflokkum 153 og neðar. Þannig vega þeir sem eru í 100% starfi í efri flokkum þyngra, þar sem þar er um fullt stöðugildi að ræða. Inn í þessa útreikninga er ekki tekin hugsanleg yfirborgun eins og sérreiknuð yfirvinna, bílastyrkir eða aðrar viðbætur á reglubundin mánaðarlaun.

Samkvæmt þessum tölum voru meðal grunnlaun í desember 2000, það er fyrir síðustu samninga, 171.000 krónur miðað við 13 mánaða töflu og 193.821 krónur miðað við 12 mánaða töflu.

Í mars 2004 höfðu þessi meðal grunnlaun samkvæmt launatöflu SÍB hækkað um rúmlega 28% og voru komin í 220.400 krónur miðað við 13 mánuði greidda og 250.060 krónur miðað við 12 mánaða töflu. Á þessum rúmu þremur árum hafa öll laun hækkað samkvæmt kjarasamningi um 21%, þannig að 7 prósentin umfram eru tilkomin vegna launaskriðs, samningsbundin og byggt á sérsamningum, en einnig hækkana vegna tilfærslna í starfi uppá við í launataxta.

Þessar tölur koma einhverjum á óvart því þarna erum við eingöngu að tala um grunnlaun fyrir dagvinnu, samkvæmt launatöxtum SÍB, en vitum jafnframt að nokkrir hópar eru með ýmiss konar yfirborganir ofan á þessa taxa. Því til viðbótar koma síðan laun fyrir unna yfirvinnu, sem nemur um 10% af heildar launakostnaði, samkvæmt tölum frá okkar atvinnurekendum. Það er því fróðlegt að skoða ársreikninga fyrirtækjanna og reyna að meta hver heildarmeðallaun félagsmanna SÍB voru ári 2003. Það er auðvelt því í flestum

ársreikningum banka og sparisjóða er gerð grein fyrir heildarlaunakostnaði og jafnframt sagt hve mörg stöðugildi voru að meðaltali á bak við þann launakostnað.

Ég tók stærsta bankann, Landsbankann, sem dæmi en kannaði jafnframt sömu upplýsingar hjá Íslandsbanka og SPRON og fékk mjög sambærilegar tölur. Á bls. 35 í ársskýrslu Landsbankans árið 2003, eins og hún er birt á netinu kemur fram að meðal stöðugildi á árinu voru 1092, en í árslok 1025.

Launakostnaður fyrir utan lífeyrисиðgjöld var 4.729.600.000 krónur þar með talin launatengd gjöld, sem er m.a. tæplega 6% tryggingagjald.

Þegar búið er að draga launatengdu gjöldin frá þá standa eftir 4.185.000.000 krónur í útborguð laun.

Nú deilum við stöðugildunum 1092 uppí launin og fáum að meðal árslaun á stöðugildi er samkvæmt þessum tölum: $4.185.000.000/1092 = 3.832.400$ krónur eða: $3.832.400/12 = 319.368$ krónur á mánuði í 12 mánuði. Inn í þessari tölu eru öll greidd laun, þar með talin 4 til 8%, sem starfsmenn greiða í lífeyrissjóð og ca. 1% í samanlögð félagsgjöld. Þetta eru sem sagt brúttó meðallaun hvort sem þið trúið því eða ei.

Við forsvarsmenn SÍB höfum aldrei viljað flagga meðallaunum okkar félagsmanna, sem eflaust eru með þeim hærri þegar meðallaun sambærilegra starfsstétta eru skoðuð. Meðal útreikningar segja ekkert um afkomu eða ánægju hvers einstaklings með eigin stöðu og því rangt að okkar mati að flagga slíkum útreikningum. Ég hef hins vegar oft heyrt félagsmenn SÍB ræða um meðallaun þegar önnur stéttarfélög eru að birta slíkan útreikning, í þeim tilgangi að sýna hvað forsvarsmenn þeirra standa sig vel í baráttunni. Þess vegna fannst mér rétt að sýna þessar tölur hér við upphaf þings, sem innlegg í aðal viðfangsefni þingsins, en það er vinna drög að kröfugerð SÍB fyrir komandi kjarasamninga.

Kjarasamningar 2004

Að undanfögnu hafa félög innan ASÍ gert kjarasamninga til næstu fjögurra ára. Þessir samningar eru margir afar flóknir þar sem verið er að samræma marga samninga í einn heildarsamning. Einnig er þar lögð áhersla á að hækka lægstu laun úr tæplega 100 þúsund krónum í 120 þúsund krónur á samningstímanum. Við þurfum sem betur fer ekki að ræða um laun undir 120 þúsund krónum, þar sem enginn félagsmaður okkar býr við svo lág laun.

Það eina sem við getum og eigum að nota úr þeim samningum sem gerðir hafa verið á almennum markaði er kostnaður fyrirtækjanna á samningstímanum við gerðan kjarasamning. Síðustu tölur benda til þess að kostnaður við 4 ára samninga sé á bilinu 15 - 20% á samningstímanum. Þessi viðmiðunartala er veganesti fyrir Samninganefnd SÍB, en að öðru leyti eigum við að gera kjarasamninga á okkar eigin forsendum, en ekki eftir forsendum annara stéttarféлага eða annarra atvinnurekenda en þeirra er SÍB semur við.

Nú hafa þrír aðilar, það er Íslandsbanki, KB banki og Samband sparisjóða, sagt upp "Samkomulagi um kjarasamninga félagsmanna SÍB". Samkvæmt nógildandi samkomulagi þá gátu einkabankar og sparisjóðir, það er aðrir en Landsbanki, Búnaðarbanki og Seðlabanki, sagt upp samkomulaginu með 6 mánaða fyrirvara. Allir þessir aðilar telja að löggin 34/1977 um gerð kjarasamninga fyrir starfsmenn banka í eigu ríkisins séu orðin úrelt og því tími til komin að félagsmenn SÍB falli undir almennu lögum

um "Stéttarfélög og vinnudeilur" númer 80/1938. Það er því stærsta verkefni stjórnar og samninganefndar SÍB að ná nýju samkomulagi við viðsemjendur um gerð kjarasamninga fyrir félagsmenn SÍB, sem byggja á lögum 80/1938 með seinni breytingum (síðast breytt 2000). Þar er mikilvægast fyrir okkur félagsmenn að ná forgangsréttarákvæðum til handa okkar félögum til vinnu hjá viðsemjendum, það er öllum fjármálafyrirtækjum á íslenskum markaði. Mikilvægast er fyrir báða aðila, ekki síður fjármálafyrirtækin, að tryggja að allir starfsmenn tilheyri sama stéttarfélagi, það er SÍB, og taki laun sín og önnur kjör samkvæmt kjarasamningum SÍB. Einungis þannig má tryggja áfram gott samstarf og samkennd milli allra starfsmanna og fyrirtækjanna til ókominna ára. Þetta mikilvæga verkefni bíður stjórnar SÍB, sem kosin verður á 42. þingi SÍB þann 28. apríl 2004, eitt mikilvægasta verkefni sem stjórn SÍB hefur þurft að fást við undanfarin ár. Við verðum að standa þétt við bak stjórnarmanna og tryggja að vel takist til.

Á þinginu liggja fyrir fyrstu niðurstöður úr launakönnun SÍB, sem rúmlega 2600 félagsmenn tóku þátt í. Þessi könnun er innlegg í vinnu kjaranefndar á þessu þingi og með frekari úrvinnslu er hún einnig vinnugagn í komandi kjaraviðræður. Nánar verður farið í niðurstöður hér á þinginu á miðvikudag.

Á síðasta ári stofnaði SÍB með BSRB, Kennarasambandinu og Bandalagi háskólamann Hagfræðistofnun samtaka í almannabjónustu, skammstafað HASLA. Rekstrarfé fáum við með framlagi frá ríkisvaldinu, 10 til 15 milljónir á ári hverju.

Þetta framlag fengum við eftir langar og strangar viðræður við forsætis- og fjármálaráðherra til að styrkja okkar vinnu við útreikninga og úttektir á ýmsum hagstærðum og launaþróun, sem stýrir afkomu okkar félagsmanna. ASÍ hafði áður fengið sambærilegan styrk miðað við félagafjölda, eða helmingi hærri upphæð.

HASLA verður ekki gerð að sjálfstæðu apparati og engin viðbótargjöld verða til hennar lögð heldur er ætlunin að bjóða út hverju sinni þau verkefni, sem samtökin telja nauðsynleg fyrir kjarabaráttuna hverju sinni.

Ég er enn þeirrar skoðunar að tímabært sé að stofna ein regnhlífarsamtök fyrir alla launamenn á Íslandi og nýta þannig enn betur það mikla afl, þekkingu og fjármuni, sem hreyfingin ræður yfir. Þetta hafa launagreiðendur gert með stofnun Samtaka atvinnulífsins, en þar eru allir viðsemjendur okkar félagar.

Lífeyrismál

Eins og áður hafa félagsmenn SÍB bestu lífeyrisréttindi sem þekkjast á almennum vinnumarkaði. Í viðbót við lagabundin 10% iðgjald í samtryggingasjóð fá félagsmenn sérstakt 7% framlag frá atvinnurekenda eftir þriggja ára starf í séreignarsjóð að eigin vali. Þessu til viðbótar geta félagsmenn fengið 2% mótframlag frá atvinnurekenda, ef þeir spara sjálfir 2%. Þannig fá félagsmenn samtals 15% framlag í lífeyrissjóð frá atvinnurekenda ef þeir spara sjálfir 6% af brúttó launum.

Áfram er nokkuð stór hópur sem greiðir í gömlu hlutfallssjóðina og fær þar mun betri réttindi en hefðbundnir lífeyrissjóðir gefa, enda eru iðgjöld atvinnurekenda til þeirra sjóða ca. 14,5%, en í hefðbundnu sjóðina 6%. Þessir félagsmenn geta að sjálfsgöðu sparað 2% og fá þá 2% á móti frá atvinnurekanda í séreignarsjóð.

Í kjarasamningum á almenna markaðnum er samið um 2% viðbótariðgjald frá atvinnurekanda til að styrkja sjóðina og gera þeim betur kleyft að standa við sínar

skuldbindingar. Lengri lífaldur og mikil hækkun á útgreiðslu örorkulífeyris hefur komið mjög þungt niður á mörgum sjóðum og gert þeim erfitt fyrir að standast útreikninga tryggingafræðinga um heildarskuldbindingar. Þessi atriði verðum við að skoða í komandi kjarasamningi.

Verkefni stjórnar á yfirstandandi tímabili

Eins og áður er það megin verkefni stjórnar og starfsmanna SÍB að vinna að þeim verkefnum sem þing ákveður hverju sinni.

Á 41. þingi voru samþykktar ályktanir um ýmiss forgangsmál, sem vinna átti að á síðustu þremur árum.

Kjaramál:

Samninganefnd SÍB var falið að fylgja eftir 18. grein í kjarasamningi um tölfræðiupplýsingakerfi, sem skilað gæti nothæfum upplýsingum til samanburðar við niðurstöður Kjararannsóknarnefndar og Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna. Því miður náðist ekki samkomulag við viðsemjendur okkar um nauðsyn og tilgang þessarar vinnu. SÍB taldi óhjákvæmilegt að fá aðgang að launaupplýsingum úr hverju fyrirtæki til þess að geta unnið réttar upplýsingar, meðal annars niðurröðun í launaflokka samkvæmt starfsheitum, menntun, reynslu og svo framvegis. Viðsemjendur okkar voru ekki tilbúnir í þá vinnu, en töldu nóg að senda Kjararannsóknarnefnd ákveðið úrtak, ca. 10%, til úrvinnslu og samanburðar við aðra hópa. Það hefði hins vegar í engu náð tilgangi samþykktar 41. þings SÍB og því ákvað stjórn og samninganefnd SÍB að gera þá launakönnun, sem áður er getið.

41. þing SÍB hvatti stjórn SÍB til að vinna að sameiginlegri stefnu um óhefðbundinn opnunartíma, hvernig skuli greiða fyrir hann og þau öryggisatriði sem þurfa að vera fyrir hendi á þeim afgreiðslustöðum. SÍB og starfsmannafélögin hafa á síðasta tímabili verið með í ráðum um allar breytingar og samið um kjör fyrir þá starfsmenn sem vinna utan hefðbundins afgreiðslutíma. Sú krafa okkar að aldrei skuli færri en 3 starfsmenn vera til staðar á hverjum vinnustað hefur ekki fengist samþykkt ennþá, en á flestum stöðum er þetta þó í lagi.

Í raun hefur skapast algjörlega ný staða hvað varðar öryggismál í kjölfar tíðra bankarána. Allir bankar og sparisjóður hafa unnið að og eru að vinna að nýjum öryggisreglum, bæði hvað varðar aðgengi viðskiptavina, fjölda starfsmanna við afgreiðslu og meðferð og aðgengi að fjármunum. Þessar reglur verða alltaf einkamál hvers fyrirtækis og aldrei samræmdar milli þeirra, því nauðsynlegt er að einungis starfsmenn hvers fyrirtækis þekki innanhúss reglur vel. Þær mega aldrei vera á vitorði annarra óviðkomandi, því það býður hættunni heim.

Að sjálfsögðu mun stjórn SÍB og starfsmannafélaganna vinna áfram með fyrirtækjunum að setningu öryggisreglna og fræðslu fyrir starfsmenn á komandi árum.

41. þing SÍB fól stjórn og samninganefnd að vinna að uppstokkun á launatöflu og gera hana þannig úr garði að hún endurspegli sem mest raunveruleg greidd mánaðarlaun. Þessi vinna bíður enn og verður tekinn upp í kjaraviðræðum í sumar og haust.

Fræðslumál

Á 41. þingi SÍB var samþykkt Símenntunarstefna SÍB, sem byggir á því grundvallarsjónarmiði að þekking og hæfni félagsmanna er og verður ætíð dýrmætasta auðlind fjármálafyrirtækja.

Því ber SÍB vinna að:

- Félagsmenn hafi ætíð góðan og jafnan aðgang að nýrri þekkingu
- Félagsmenn séu eftirsóknarverðir starfsmenn á vinnumarkaði
- Félagsmenn séu ávallt tilbúnir til að mæta síbreytilegum viðfangsefnum framtíðar
- Tækniframfarir séu nýttar til að auðvelda og þróa störf félagsmanna.

Að þessum markmiðum skal unnið í samstarfi við aðildarfyrirtæki kjarasamnings SÍB, leita eftir samstarfi við önnur stéttarfélag og skólayfirvöld og með því að byggja upp Menntunarsjóð SÍB til að styðja við bak þeirra er sjálfir þurfa að leggja út fyrir námskostnað.

Að öllum þessum málum hefur verið unnið dyggilega á yfirstandandi kjörtímabili. Menntunarsjóðurinn tók til starfa og um verkefni hans og úthlutanir má lesa í skrifaðri ársskýrslu. Sjóðinn verður að efla og meðan við náum ekki samkomulagi við viðsemjendur okkar um aukin framlög þá verðum við sjálf að stuðla að uppbyggingu hans með félagsgjöldum þess vegna liggur nú fyrir þinginu breytingartillaga frá fjárhagsnefnd er stuðlar að styrkingu Menntunarsjóðs, án þess að hækka iðgjaldaprósentu stéttarfélagsgjaldsins. Tilfærslan er fyrst og fremst frá Vinnudeilusjóði yfir í Menntunarsjóð og tel ég að flestir eða jafnvel allir þingfulltrúar geti stutt þá tilhögun.

Mikilvægt skref í endurmenntun fyrir þá félagsmenn, sem hafa ekki framhaldsskólamenntun var stigið á þessu kjörtímabili. Samningur náðist milli SÍB og Menntaskólans í Kópavogi um sérstaka menntabraut fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja. Þetta var mikið framfaraskref og eiga allir sem að máli komu við skipulagningu og undirbúning heildur skilinn. Ég vil fyrir hönd SÍB færa Sigurði Albert, fræðslufulltrúa SÍB sérstakar þakkir fyrir mikið og ómetanlegt starf við koma þessu námi á og fylgja því eftir að vel væri að öllum málum staðið.

Fyrsti árgangurinn úr þessu námi var útskrifaður föstudaginn 16. apríl við hátíðlega athöfn og nú verður gaman og gagnlegt að sjá hvernig námið nýtist. Það er einnig gleðilegt að nú er hægt að stunda þetta nám í fjarnámi, en SÍB fékk 1200 þúsund króna styrk frá Starfsmenntaráði til að koma því í aðgengilegt form gegnum fjarnám.

Fræðsla fyrir trúnaðarmenn og stjórnarmenn starfsmannafélaganna er alltaf í gangi vor og haust, bæði grunnfræðsla um stéttarfélagið og kjarasamninga, en einnig framhaldsnámskeið fyrir reynda trúnaðarmenn og ýmis félagsleg uppbygging. Núna er verið að vinna að því að koma upp sérstöku lokuðu svæði á heimasíðu SÍB, þar sem unnt verður að leita í fróðleiksbrunni og skiptast á skoðunum um kjaratengd málefni hvers konar. Nánar má lesa í ársskýrslu um fræðslu trúnaðarmanna.

Útgáfumál

SÍB blaðið kemur út reglulega og er það nú einnig aðgengilegt á netinu. Hugmyndin er að fækka nokkuð prentuðum eintökum og spara þannig kostnað við útgáfu blaðsins. Ef

aðildarfélög SÍB hafa sérstakar fréttir eða fræðsluefni sem þau vilja koma á framfæri við alla félagsmenn SÍB þá er slíkt efni vel þegið af ritstjórn blaðsins. Blaðið er vettvangur upplýsinga og skoðanaskipta og þarf að efla sem slíkt.

Á næstunni kemur út nýr bæklingur um einelti sem þýddur er úr dönsku og upplýsir okkur um hinar ýmsu hliðar eineltis og hvernig best er að vinna gegn slíkri vá innan okkar vinnustaða. Þá er einnig verið að leggja síðustu hönd á kynningarbækling fyrir SÍB, en hann verður hér í meðförum hjá Allsherjarnefnd þingsins og gefinn út að þingi loknu. Bók um starfslok er í endurnýjun og fer í prentun í sumar.

Á kjörtímabilinu voru gerðar 4 kannanir á vegum SÍB, það er viðhorfskönnun til þjónustu SÍB, könnun um starf og líðan félagsmanna sem starfa í útibúum, könnun á menntun og viðhorfi til menntunar og nú síðast var gerð launkönnun í byrjun apríl. Um þrjár fyrst nefndu kannanirnar má lesa á heimasíðu SÍB og niðurstöður úr launakönnun verða birtar þegar úrvinnslu lýkur.

Lokaorð

Þingfulltrúa á 42. þingi SÍB bíða mikil og krefjandi verkefni. Mikilvægast er að setja fram heildstæða og ábyrga stefnu í kjaramálum, sem tryggir að kaupmáttur launa aukist, jafnrétti ríki á öllum sviðum og starfsöryggi tryggt svo sem kostur er. Einnig er mikilvægt að tryggja til frambúðar samtakamátt og samheldni allra starfsmanna fjármálafyrirtækja í einu öflugum stéttarfélagi, SÍB.

Ég er sannfærður um að 42. þing SÍB verður öflugt, opinská umræða og fjörug skoðanaskipti. Þannig náum við bestum árangri félagsmönnum okkar til hagsbóta. Ég þakka öllum þeim fjölmörgu félagsmönnum, sem lagt hafa stjórn SÍB lið í stéttarfélagsbaráttunni og unnið að uppbyggingu og eflingu Sambands íslenskra bankamanna, sem áhrifaríks baráttutækis undanfarin ár.

Ég óska öllum ánægjulegra, fræðandi og árangursríkra daga á 42. þingi SÍB.

6. ÁVÖRP GESTA

Friðbert Traustason Formaður SÍB veitti Jan Erik Lidström formanni NFU gullmerki SÍB Friðbert minntist komu Jan Eriks forðum tíð með 500 milljónir í tösku til að styðja við verkfallssjóð SÍB. Jan Erik þakkaði fyrir sig með fögrum orðum.

Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar síðastliðin þrjú ár. Gréta Kjartansdóttir gjaldkeri SÍB kynnti og útskýrði reikningana.

Skýrsla stjórnar og reikningar borin upp til atkvæða saman og samþykkt samhljóða.

Helga Jónsdóttir kynnti hagnýt atriði varðandi fundargögn.

Þingforseti frestaði fundi kl: 18:20 til 9:00 næsta morgun.

Priðjudagur, 27.04.04

7. KYNNING Á DRÖGUM AÐ TILLÖGUM NEFNDA:

Laganefnd:

Friðbert Traustason kynnti tillögur laganefndar.

Fræðslunefnd:

Sigurður Albert Ármannsson kynnti tillögur fræðslunefndar. Umræðan í fræðslunefnd hefur verið í þá áttina að styrkja einungis einingametið nám og fram kom að ánægja væri með námið í MK.

Einnig hvort eigi eingöngu að styrkja starfstengt nám. Fjárhagsstaða menntunarsjóðsins var einnig rædd og hvernig væri hægt að bæta hana. Sigurður sagði að samkvæmt þeim upplýsingum sem hann væri kominn með frá fræðsludeildum fyrirtækjanna væri a.m.k. 35 milljónir settar í fræðslumál fyrir utan það fé sem kemur frá menntunarsjóði SÍB.

Fjárhagsnefnd:

Gréta Kjartansdóttir kynnti tillögu fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd leggur fram tillögu til næstu þriggja ára

Tillaga að hækka ekki gjöldin. Taka 0,7% af 13 mánaða launum og orlofsframlagi.

Af 0,70 % lækki framlag í vinnudeilusjóð úr 0,25% í 0,20

Allsherjarnefnd:

Oddgeir Gunnarsson fór yfir drög að stefnumörkun

Sagði frá væntanlegri vinnu við að fjalla um hvort SÍB eigi að ganga í ASÍ

Kjaranefnd:

Heiðrún Hauksdóttir kynnti drög kjaranefndar.

Lögð verði minni áhersla á “félagsmálapakkann og lögð verði áhersla á að semja um hækkun launa.

20 -25 % kostnaðarauki fyrirtækja í þegar gerðum samningum hjá öðrum félögum.

Í umræðunni var einnig , vetrarfrí, aukið framlag í menntunarsjóð og styrktarsjóð.

Til hvers langs tíma erum við tilbúin að semja.

Þingforseti gaf orðið laust um drög nefnda.

Fjórlegar umræður urðu um um drög að tillögum nefnda.

Gert hlé á þingi vegna nefndarstarfa.

Eftir hádegi kynna forsvarmenn nefnda þær tillögur sem komnar eru.

Laganefnd

Friðbert Traustason sagði frá fundi laganefndar og niðurstaðan var sú að laganefnd dregur allar tillögur sínar til baka. Þar sem miklar breytingar eru á næstunni vegna uppsagna frá bönkunum á samkomulagi um kjarasamninga félagsmanna SÍB og eftir að búið er að semja upp á nýtt þarf að breyta lögnum í samræmi við nýtt samkomulag.

Fjárhagsnefnd

Gréta Kjartansdóttir lagði fram tillögur fjárhagsnefndar og sýndi útreikninga sem sýna hver hækkunin á félagsgjöldum yrði mikil miðað við að taka inn 13. mánuðinn og orlofsframlagið.

Allsherjarnefnd

Oddgeir Gunnarsson sagði frá umræðum um aðild að ASÍ og voru frekar dræmar undirtektir vegna hversu mikið það myndi kosta samtökin í kr. Frekar ætti að nýta samtök eins og HASLA.

Kjaranefnd

Heiðrún Hauksdóttir sagði frá starfi nefndarinnar, nefndin er stór og margt hefur verið rætt. Tillaga um að samninganefnd semji um umtalsverða launahækkun. Umræða var um hvort eigi að halda inni áfram launatöflu A og B. Gæti verið einföldun að vera með eina töflu fyrir fólk vegna þess hve flóknir launaseðlar geta verið. SFR hafa samið um hærra álag en er í okkar samningum sem væri rétt að athuga. Röðun í starfsheiti þarf einnig að skoða. Einnig kom til umræðu starfsmannaviðtöl hvort starfsfólk gæri eitthvað grætt á því launalega. Orlof eða vetrarfrí var einnig rætt. Bent á að SÍB myndi kynna löggin um foreldraorlof. Einnig rætt um að reyna fá menntun metna til launa, og styttingu vinnutíma s.s. yfir sumartíma. Nokkur umræða varð um drög nefnda. Þingforseti gerði hlé á þingfundi vegna áframhalds nefndastarfa.

Innlegg um þingstörf:

Sigurður Albert Ármannsson fræðslufulltrúi fór í gegnum helstu atriði sem hafa þarf í huga við undirbúning og framsetningu tillagna og ályktana svo að þær komi löglegar frá þingfulltrúum.

8. UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA NEFNDARÁLITA.

Allsherjarnefnd:

Oddgeir Gunnarson kynnti tillögur frá nefndinni og fór yfir það sem búið var að leggja fram fyrir þingið.

Umræða var nokkur um tillögu nefndarinnar bæði um orðalag og skýringar.

Gerð var athugasemd við að SÍB gæti haft áhrif á atvinnuöryggi og hagræðingu.

Friðbert Traustason telur að þetta eigi rétt á sér þar sem SÍB hefur þurft að taka á þessum málum.

Fyrirspurn kom um hvað sálfræðilegir samningar eru. Þetta eru ekki samningar um laun heldur um heildar starfsumhverfi.

Fræðslunefnd:

Ólöf Björnsdóttir kynnti tillögur frá nefndinni um breytingar á reglugerð

Menntunarsjóðs. Athugasemdir voru gerðar við orðalag.

Tillögu var beint til fræðslunefndar um að SÍB blaðið kæmi út a.m.k. tvisvar á ári og að heimasíða SÍB yrði uppfærð oft.

Fundi frestað til morguns.

Miðvikudagur, 28.04.04

Póra Ásgeirsdóttir frá Gallup kynnti fyrstu niðurstöður í launakönnun SÍB. Aðeins var búið að vinna fyrsta hluta þeirra upplýsinga sem fram koma í svörum. Þátttaka félagsmanna var framar vonum eða um 71 % svörun.

9. UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA NEFNDARÁLITA - FRAMHALD.

Formenn nefnda kynntu niðurstöður úr nefndarstarfi.

Gréta Kjartansdóttir kynnti tillögur Fjárhagsnefndar.
Engar umræður urðu um tillögur fjárhagsnefndar.
Þingforseti las upp tillöguna:

Fjárhagsnefnd

42. þing SÍB haldið 26. –28. apríl 2004 á Selfossi. samþykkir að félagsgjald til SÍB verði óbreytt 0,7% af 12 mánaða launum til áramóta, 0,25 % verði ráðstafað í vinnudeilusjóð og 0,45% í félagssjóð. Frá 1.1.2005 verði félagsgjald 0,7% reiknað af 13 mánaða launum og orlofsframlagi hjá þeim sem fá laun samkvæmt A-töflu og af föstum mánaðarlaunum hjá þeim sem fá laun samkvæmt B-töflu. Framlag í vinnudeilusjóð verði 0,2% og 0,5% í félagssjóð.

Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Tillaga um Menntunarsjóð SÍB

42. þing SÍB haldið 26. –28. apríl 2004 á Selfossi samþykkir að efla Menntunarsjóð SÍB með því að leggja í hann a.m.k. kr. 11.000.000 á ári. Framlagið hækkar á hverju ári í samræmi við hækkun á vísitölu neysluverðs frá 1.1. 2005.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingforseti vísaði í tillögur Fræðslunefndar og gaf orðið laust um þær.

Heiðrún kom með athugasemd við 5. gr um það hvernig stjórn Menntunarsjóðs gæti ákveðið hversu framlag yrði hátt í sjóðinn.

Gréta kom með þá tillögu að fastsetja ekki fasta upphæð. Svo ekki þurfi að breyta lögnum á hverju ári. Fast framlag úr félagssjóði samkvæmt ákvörðun þings SÍB.

Þingforseti ber upp tillögur fræðslunefndar.

Breyting á 2. grein var samþykkt samhljóða.

Breyting á 3. grein var samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga kom við 5. grein og var hún samþykkt samhljóða.

Breyting á 7. grein var samþykkt samhljóða.

Fræðslunefnd hvatti stjórn Menntunarsjóðs til að breyta úthlutunarreglum samanber ofangreindar tillögur.

Tillögur að Úthlutunarreglum Menntunarsjóðs voru samþykktar samhljóða, en reglan um að fyrst og fremst skuli styrkja einingametið nám var samþykkt með meirihluta atkvæða.

42. Þing SÍB samþykkir reglugerð Menntunarsjóðs með áorðnum breytingum.

Menntunarsjóður SÍB

1. gr.

Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Menntunarsjóður SÍB.

Sjóðurinn er stofnaður á grundvelli kjarasamnings bankamanna sem undirritaður var 8. febrúar 2001.

Sjóðurinn er í vörslu Sambands íslenskra bankamanna (hér eftir SÍB). Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Verkefni sjóðsins

Markmið Menntunarsjóðs SÍB er að efla félagsmenn í starfi og gera þá að verðmætari starfsmönnum á vinnumarkaði með því m.a. að endurgreiða námskostnað að hluta eða í heild.

Sjóðnum er ætlað að veita styrki vegna kostnaðar við menntun, símenntun og endurmenntun. Einnig við nám/námskeið sem nýtist í starfi og/eða til félagsstarfa að mati stjórnar sjóðsins.

3. gr.

Réttur til styrkja

Rétt til að sækja um styrki til sjóðsins eiga:

Fullgildir félagsmenn SÍB skv. lögum sambandsins.

Atvinnulausir félagsmenn SÍB sem hafa verið samfelld félagsmenn í 3 ár geta sótt um styrki vegna náms sem þeir stunda, í allt að 2 ár eftir starfslok enda hafi þeir ekki verið í launuðu starfi á tímabilinu.

Umsókn um styrki úr sjóðnum skal skilað í því formi sem sjóðstjórn ákveður ásamt nauðsynlegum gögnum er tryggja réttmæti greiðslna.

Réttur til greiðslu úr sjóðnum fynnist á tólf mánuðum eftir námslok.

4. gr.

Stjórn og rekstur

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og eru tveir kosnir á þingi SÍB og einn skipaður af stjórn SÍB. Jafnframt skal þing SÍB kjósa tvo varamenn. Kjörtímabilið er sama og til stjórnar SÍB. Stjórnin skal rita gerðarbók og rita allar samþykktir sínar í hana. Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga.

Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag SÍB og fjárhag annarra sjóða í eigu eða á vegum SÍB.

Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.

Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu SÍB.

Ekki er greidd þóknun fyrir stjórnarsetu í stjórn sjóðsins.

5. gr.

Tekjur og ávöxtun eigna

Tekjur sjóðsins eru:

Að minnsta kosti 11.000.000 kr. á ári að núvirði og hækka í samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs ár hvert.

Vaxtatekjur og önnur framlög og styrkir.

Eignir sjóðsins skulu varðveittar í traustum, skráðum verðbréfum og bankainnstæðum.

Sjóðnum er óheimilt að kaupa fasteignir og taka eða veita lán.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela utanaðkomandi aðila ávöxtun hans.

6. gr.

Ársreikningur og endurskoðun

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum SÍB og löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Hann skal lagður fram samhliða reikningum SÍB.

7. gr.

Slit sjóðsins

Nú er SÍB lagt niður án þess að önnur hliðstæð samtök komi í þess stað og skal sjóðnum þá slitið. Eignir sjóðsins skulu þá renna til þeirra starfsmannafélaga, sem aðild eiga að SÍB þegar það er lagt niður, í réttu hlutfalli við fjölda félagsmanna í hverju félagi á þeim tíma. Þar skal eignunum ráðstafað í samræmi við ákvæði 2. gr.

Starfsmannafélag eða einstaklingur sem segir sig úr SÍB á ekki tilkall til eigna sjóðsins.

8. gr.

Breytingar á samþykktum

Breytingar á samþykktum þessum öðlast ekki gildi nema þær hafi verið samþykktar á þingi SÍB. Um atkvæðagreiðslu um breytingar á samþykktum á þingi SÍB gilda sömu reglur og um lagabreytingar.

9. gr.

Nánari starfsreglur

Sjóðstjórn setur nánari starfsreglur skv. samþykktum þessum, sem samþykktar skulu af stjórn SÍB og formannafundi.

10. gr.

Gildistaka

Samþykktir þessar öðlast þegar gildi.

Ályktun 42. þings SÍB 2004 um úthlutunarreglur Menntunarsjóðs.

42. þing SÍB hvetur stjórn Menntunarsjóðs til að breyta úthlutunarreglum sjóðsins á eftirfarandi hátt:

Að félagsmenn geti sótt um styrki vegna náms eða hluta náms sem þeir hafa sótt síðustu 12 mánuði.

Að frá og með janúar 2006 verði eingöngu veittir styrkir vegna náms sem metið er til eininga á framhalds- eða háskólastigi. Eftir sem áður styrki sjóðurinn nám /námskeið sem nýtist til félagsstarfa að mati stjórnar.

Að Menntunarsjóður styðji félagsmenn til að sækja námskeið í námstækni, sem auðveldar þeim að hefja nám.

Að sjóðurinn greiði lágmark 50% af námskostnaði þó að hámarki kr. 100.000,-, þetta ákvæði er með fyrirvara um að fjármagn sé tryggt hverju sinni.

Ályktun 42. þings SÍB um fræðslumál

42. þing SÍB leggur til að komið verði á raunfærismati fyrir félagsmenn til þess að þeir geti fengið starfstengd námskeið og starfsreynslu metin til eininga á framhaldsskólastigi.

42. þing SÍB felur stjórn SÍB að hafa samband við aðila sem bjóða upp á nám á háskólastigi og kanna hvað þeir bjóða upp á og gæti nýst félagsmönnum SÍB sem eru með eldra stúdentspróf en hyggja á nám á háskólastigi eftir hlé.

42. þing SÍB leggur til að SÍB beini til sinna aðildarféлага að mótuð verði skýr stefna í samvinnu við hvert fyrirtæki fyrir sig, varðandi menntunarmál og að jafnræði til náms verði tryggt.

Ályktun 42. þings-SÍB 2004 um jafnan rétt til menntunar.

Að allir félagsmenn samtakanna hafi jafnan rétt til náms, burt séð frá búsetu, kyni, aldri og starfi innan fyrirtækisins.

Ályktanir um fræðslumál voru samþykktar samhljóða.

Ályktun um útgáfumál voru samþykktar með meirihluta.

Umræður um tillögur kjaranefndar.

Örn leggur til að skýra betur fyrstu grein og settur verði ákveðin tímarammi t.d. 4. ár Friðbert lagði til að breytt orðalag og síðasta setning fyrstu greinar endaði á “4 ára samningstíma” og skipta út “aukin hagsauki” fyrir “bættan hag”.

Umræða var um starfsheiti og ákveðið að sleppa setningu um dæmi um ný starfsheiti úr þriðju grein.

Helga B lagði til að síðasta greinin yrði felld út en hún fjallaði um styttingu á vinnutíma og var það samþykkt með þorra atkvæða.

Tillögur kjaranefndar SÍB til 42. þings SÍB, 28. apríl 2004.

42. þing SÍB hvetur samninganefnd til að leggja megináherslu á jafna prósentuhækkun launa í komandi kjarasamningum. Í samræmi við bætta hag bankanna verði hækkun raunlauna a.m.k. 6% á fjögurra ára samningstíma.

42. þing SÍB hvetur samninganefnd til að endurskoða lágmarksviðmið samkvæmt grein 1.1.5 í kjarasamningum þannig að þau verði verulega hækkuð.

42. þing SÍB samþykkir að megináhersla í komandi kjarasamningum verði á nýja launatöflu sem byrji á einum. Launataflan endurspegli raunlaun. Starfsheiti verði endurskoðuð og endurnefnd í takt við nýja tíma.

42. þing SÍB hvetur samninganefnd að breyta grein 1.5.1 þannig að álag hækki til samræmis við aðra. Þannig breytist 45% álag í 55% álag.

42. þing SÍB hvetur samninganefnd til að breyta grein 4.1.2 þannig að viðmið vegna aldurs lækki á þann hátt að þeir sem eru orðnir 30 ára fá 27 daga orlof og 38 ára 30 daga orlof.

42. þing SÍB hvetur stjórn SÍB til að kynna félagsmönnum lög um foreldraorlof.

42. þing SÍB hvetur samninganefnd að vinna að því að félagsmenn fái rétt til að taka yfirvinnu út í orlofi þar sem viðmiðunarhlutfall sé einn tími í yfirvinnu á móti tveimur tímum í orlofi.

42. þing SÍB beinir til stjórnar og samninganefndar SÍB að aukin menntun sé metin til launa. Það sé gert til dæmis með árlegum launaviðtölum, skilgreiningu á stundafjölda og menntunarstigi á móti launum. Í samræmi við þetta þarf að breyta grein 1.1.6 2.m.gr. um starfsaldursálag vegna háskólaprófs.

Tillögur kjaranefndar að öðru leyti voru samþykktar samhljóða.

Allsherjarnefnd

Oddgeir Gunnarsson flutti tillögur allsherjarnefndar

Stefnumörkun SÍB 2004 – 2007

Félagsmáðurinn sem einstaklingur

Í heilbrigðu samfélagi þarf einstaklingurinn að fá möguleika til að þróa hæfileika sína, bæði sem einstaklingur en ekki síður sem hluti af samtaka heild. Samstarf heildarinnar stuðlar að því að tryggja öryggi og stöðugleika.

Hæfileikar starfsmanna eru mikilvægasta uppspretta fyrirtækisins. Starfsmaðurinn þarf að þekkja verkefni sín og lausnir þeirra vel, þannig að hann geti mætt hverjum nýjum degi vel undirbúinn, ánægður og til þjónustu reiðubúinn. Ný tækni á að hjálpa til við lausnir og vera öllum til hagsbóta.

Starfsmenn skulu vinna við öruggar og heilsusamlegar aðstæður,

SÍB skal vinna að:

Atvinnuöryggi og vaxandi kaupmætti félagsmanna.

Að félagsmenn fái alla þá menntun sem til þarf til að viðhalda og auka þekkingu til áframhaldandi starfa í síbreytilegu umhverfi fjármálafyrirtækja, enda er það hagrur fyrirtækja að sjá um endur- og símenntun starfsmanna.

Að hagræðing og niðurskurður sé ræddur opinskátt og í fullu samráði við starfsmenn.

Að ákvæði laga um vinnuvernd séu haldin þannig að starfsmenn vinni við góðar vinnuaðstæður, bæði andlega og líkamlega.

Öryggi starfsmanna sé ávallt í fyrirrúmi og viðbragðsáætlun sé til staðar við ránum og bruna á hverri vinnustöð og kynnt starfsfólki á hverju ári.

Að starfsmönnum sé tryggð hlutdeild í góðri afkomu fyrirtækisins og raunlaunaauki félagsmanna ár hvert skal í það minnsta vera í samræmi við launaþróun annarra hópa í þjóðfélaginu.

Sérstakri stefnu til að vernda frítíma félagsmanna

Félagsmönnum verði auðveldað að tvinna saman fjölskyldulíf og vinnu.

Hvetji starfsmannafélögin til að gangast fyrir því að haldin séu skyndihjálparnámskeið.

Öllum landsmönnum verði tryggð fjármálaþjónusta.

Tryggja áhrif starfsmanna á rekstur fjármálafyrirtækja, þannig að fullur meðákvörðunarréttur náist.

Öll vinna á vegum fjármálafyrirtækja sé samkvæmt kjarasamningi SÍB og bankanna.

Starfsgrein í stöðugri þróun

Tækniþróun á að færa okkur nýjar betri, öruggari og hraðvirkari lausnir í upplýsingasamfélaginu, ásamt bættri samkeppnisstöðu. Fjármálafyrirtæki eru framsýn og finna nýjar leiðir til að auka tekjur sínar og færa starfsmönnum þannig ný og spennandi viðfangsefni.

Hagræðing ein og sér er ekki næg ástæða uppsagna þar sem breytingum má koma á með öðrum og vænlegri hætti með samvinnu við starfsmenn og félög þeirra.

SÍB skal vinna að:

Að við innleiðingu nýrrar tækni sé fullt tillit tekið til hagsmuna starfsmanna og samfélagsins alls.

Taka þátt í upplýsingagjöf og viðhorfskönnunum um starf fjármálafyrirtækja.

Allir starfsmenn fjármálafyrirtækja á Íslandi, hvort sem fyrirtækin eru í eigu Íslendinga eða útlendinga verði félagsmenn í SÍB.

Að samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja verði tryggð með stöðugt aukinni þekkingu starfsmanna.

Hvetja konur til frekari frama meðal stjórnenda fjármálafyrirtækja.

Laða að háskólamenntaða starfsmenn fjármálafyrirtækja.
Jafnrétti til launa og annarra kjara.
Tryggja réttindi og stöðu þeirra sem kosnir eru til ábyrgðarstarfa meðal félagsmanna.
Útrýma einelti og hvers konar annarri misbeitingu og kúgun. Tryggja samstöðu og leitast við að vernda þann allra smæsta.

SÍB inn í framtíðina.

SÍB er samstæður hópur þar sem saman vinna vel uppfræddir og áhugasamir trúnaðarmenn og ánægðir félagsmenn, sem mynda sterkt fagpólistískt og áhrifaríkt afl. SÍB hefur hvern einstakling í fyrirrúmi, en nýtir samstöðu fjöldans til þess að ná fram viðunandi lausnum, m.a. í kjaramálum og verndun réttinda félagsmanna. Kosnir fulltrúar mæta fullum skilningi hjá félagsmönnum og stjórnendum á mikilvægi þess að vinna að framþróun öflugs stéttarfélags.

SÍB vill.

Vera sjálfsagt val fyrir alla starfsmenn fjármálafyrirtækja á Íslandi.
Vera sýnilegt öllum félagsmönnum og að allir starfsmenn geti á auðveldan og einfaldan máta leitað aðstoðar og upplýsinga um réttindi sín.
Að trúnaðarmenn séu áhugasamir og metnaðarfullir í starfi sínu.
Segja frá þeim árangri sem næst með starfi félagsins.
Að uppfræðsla trúnaðarmanna styrki samheldni og jafnrétti félagsmanna.
Taka afstöðu í öllum þjóðfélagsmálum sem snúa að starfsemi fyrirtækja og stöðu starfsmanna, réttindum þeirra og afkomu.
Tryggja samstarf við önnur félög sem vinna að réttindamálum starfsmanna.
Vinna með norrænum félögum innan NFU að réttindum starfsmanna og samstöðu þeirra á Norðurlöndunum öllum og Evrópu.
Skóða hvernig félagið geti komið að sálfræðilegum samningum.
Kanna kosti og galla við inngöngu í ASÍ.
Kanna kosti og galla við að efla samstarf aðila innan HASLA.

Umræður urðu um HASLA sem eru hagsmunasamtök launþega í almannabjónustu. Björn Tryggvason kom með tillögu um að efla HASLA með það í huga að þau yrðu einhverskonar regnhlífasamtök fyrir aðildarfélögin hann dró síðar þessa tillögu til baka.

Voru allar tillögur Allsherjarnefndar samþykktar samhljóða.

Fjárhagsáætlun SÍB 2004-2006

Gjaldkeri SÍB kynnti fjárhagsáætlun SÍB 2004 til 2006 og lagði hana fram til samþykktar.

Var fjárhagsáætlunin samþykkt samhljóða.

	2003	2004	2005	2006
Rekstrartekjur				
Árgjöld	42.106.641	43.369.840	53.865.341	55.750.627
Fræðsluframlag	11.118.000	11.395.000	11.679.000	11.970.000
Leigutekjur	414.267	424.623	435.240	446.120
Vinnudeilusjóður	23.017.025	23.707.535	22.083.568	22.856.492
Aðrar tekjur	0	0	0	0
	76.655.933	78.896.998	88.063.149	91.023.239
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	20.040.177	20.641.383	21.363.832	22.111.566
Fræðslustarf	8.704.182	9.700.000	9.800.000	9.900.000
Erlent samstarf	3.890.085	4.600.000	3.900.000	4.100.000
Útgáfustarfsemi	1.847.939	2.000.000	2.100.000	2.200.000
Kannanir	0	1.500.000	1.500.000	1.500.000
Þing SÍB	0	5.000.000	0	0
Afmæli SÍB	0	0	4.000.000	4.000.000
Rekstur fasteignar	1.356.252	1.491.877	1.506.795	1.521.862
Viðhald heimasíðu og tölvubúnaðar	1.200.286	1.300.000	1.400.000	1.500.000
Lögfræðikostnaður	1.317.396	1.500.000	1.500.000	1.500.000
Endurskoðun	510.108	550.000	590.000	630.000
Rekstur skrifstofu	4.818.905	4.900.000	5.100.000	5.300.000
Kjarasamningar	0	700.000	0	0
Framlag í Menntunarsjóð	5.559.000	5.697.500	11.679.000	11.970.000
Framlag í Vinnudeilusjóð	23.017.025	23.707.535	22.083.568	22.856.492
Afskriftir	1.078.750	1.100.000	1.200.000	1.200.000
	73.340.105	84.388.295	87.723.195	90.289.920
Rekstrarafkoma án fjármunatekna og fjárm.gjalda	3.315.828	(5.491.297)	339.954	733.319
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2.205.569	2.100.000	2.250.000	2.350.000
Afkoma ársins	5.521.397	(3.391.297)	2.589.954	3.083.319

10. KJÖR STJÓRNAR, TVEGGJA ENDURSKOÐENDA OG TVEGGJA TIL VARA AUK ANNARRA TRÚNAÐARMANNA

Þingforseti flutti tillögur uppstillingarnefndar og voru þær samþykktar samhljóða með lófaklappi.

Formaður: Friðbert Traustason, SÍB

1. varaformaður: Helga Jónsdóttir, FSLÍ

2. varaformaður: Gréta Kjartansdóttir, SSPRON

Meðstjórnendur: Anna Karen Hauksdóttir, SÍ
Björn Tryggvason, SBÍ
Heiðrún Hauksdóttir, SSPH
Oddgeir Gunnarsson, SSÍ

Varastjórnendur: Þorvaldur Egilsson, SÍ
Hafdís Harðardóttir, SBÍ
Linda Björk Halldórsdóttir, FSLÍ
Guðrún Ó. Sigmundsdóttir, SVISA

Skoðunarmenn: Garðar Ólafsson, FSLÍ, og Jón Ívarsson, SÍ

Til vara: Anna Kjartansdóttir, FSLÍ, og Sigríður Einarsdóttir, SSPRON

Stjórn vinnudeilusjóðs: Bárður Helgason, SSPRON, og Matthías H. Matthíasson, SRB

Til vara: Helga Jónsdóttir, FSLÍ, og Oddgeir Gunnarsson, SSÍ

Stjórn styrktarsjóðs: Friðbert Traustason, SÍB, og Helga Jónsdóttir, FSLÍ
Gjaldkeri SÍB, sjálfkjörinn

Til vara: Anna Karen Hauksdóttir, SÍ, og Sigríður Friðgeirsdóttir, FSLÍ

Stjórn menntunarsjóðs: Gréta Kjartansdóttir, SSPRON, og Sigurjón Gunnarsson, FSLÍ
Einn tilnefndur af stjórn SÍB

Til vara: Björn Tryggvason, SBÍ, og María Jóhannesdóttir, SÍ

Þingforseti óskaði eftir því að nýir og gamlir stjórnarmenn kæmu í pontu og kynntu sig.

11. ÖNNUR MÁL

Þingforseti bar fram tillögu um inntöku 2 nýrra félaga. Starfsmannafélag Sparisjóðs Hornafjarðar og Sparisjóður Siglufjarðar og var innganga þeirra í samtökin samþykkt með lófataki.

Helga B. Bragadóttir fráfarandi 2 varaformaður sem ekki gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, þakkaði fyrir gott samstarf og lýsti því að hún ætlar að draga sig í hlé frá félagsmálum um stundarsakir.

Björn Tryggvason minnti þingheim á að mæta á fund Lífeyrissjóðs Bankamanna og styðja Friðbert til áframhaldandi setu í stjórn sjóðsins.

Kolbrún Guðlaugdóttir fráfarandi stjórnarmaður þakkaði fyrir frábært samstarf.

Gréta Kjartansdóttir kynnti sig og þakkaði fyrir traustið sem henni er sýnt með kjöri hennar sem 2. varaformaður og nefnir að þetta er í fyrsta sinn sem sparisjóðir eiga mann í þessari stöðu.

Helga Jónsdóttir þakkaði einnig fyrir traustið og þakkaði jafnramt fráfarandi stjórnarmönnum samstarfið.

Hinrik Þingforseti sagði að þetta hefði verið gott þing, en hafi verið bæði auðvelt og erfitt sérstaklega í morgun.

Þakkaði hann einnig þingfulltrúum, starfsmönnum þingsins og riturum fyrir vel unnin störf. Þingforseti sagði jafnframt að þar sem að þetta hafi verið sérstaklega auðvelt þing þá sé hann hættur við að hætta og gefi kost á sér sem áframhaldandi þingforseti á næsta þing SÍB og jafnramt útskrifaði hann Sigurjón sem fundarstjóra.

Einnig þakkaði hann erlendum gestum fyrir komuna og gaf Friðbert orðið.

Friðbert þakkaði þingforsetum fyrir góð störf og hrósaði hann þingfulltrúum mjög fyrir gott þing. Síðan þakkaði hann fráfarandi stjórnarmönnum, Helgu Bragadóttur, Kolbrúnu Guðlaugsdóttur, Sigurði B. Stefánssyni, Ingveldi Bragadóttur og Jóhanni Möller fyrir gott samstarf og færði þeim kveðjugjöf frá SÍB.

Einnig þakkaði hann Önnu og Sigurði, starfsmönnum á skrifstofu SÍB fyrir vel unnin störf.

Friðbert afhenti gjafir til ritara þingsins og þingforseta og þakkaði þeim vel unnin störf.

Friðbert sagði að lokum: “Formannafundirnir hafa verið mjög áhrifaríkir og eflt SÍB mjög. Félagsmenn treysta á að SÍB og stjórnir starfsmannafélaganna standi vörð um hagsmuni sína. Við þurfum að sporna við því að bankamenn skiptist í “við og þið” hópa. Við erum sölumenn hvað varðar okkur sjálf, verðum að trú á okkur svo að aðrir geri það líka.”

Þingi var slitið kl. 14:32